



FASTANEFND ÍSLANDS

Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

Nóvember 2018 – Fastanefnd Íslands í Brussel

Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem er í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. utanríkismál. Yfirlitið er birt á vefsíðu fastanefndar Íslands í Brussel og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á stóru í einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.

Meginhlutverk fastanefndar Íslands í Brussel er að annast framkvæmd EES-samningsins og Schengen í samvinnu við utanríkisráðuneytið og önnur hlutaðeigandi ráðuneyti á Íslandi. Fastanefndin sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB og á í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins, innan sem utan EES-samstarfsins. Fastanefndin fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.

Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

Uppbyggingarsjóður EES.

Yfirstandandi styrktímabil Uppbyggingarsjóðsins er nú að komast á fullan skrið. Búið er að skrifa undir samkomulag um styrktímabilið við 13 af 15 ríkjum sem úthlutað fá úr sjóðnum; einungis er eftir að skrifa undir samning við Kýpur og Ungverjaland.

Undirbúningur vegna áætlana í flestum ríkjum er vel á veg kominn og hafa samningar um 16 af 86 áætlunum verið undirritaðir. Hins vegar hafa komið upp ásteitingarsteinar í undirbúningi áætlana vegna frjálsra félagasamtaka í Póllandi og Ungverjalandi.

Vinna er langt komin í tengslum við sérsjóð um atvinnuleysi ungmenna en 27 verkefni voru nýlega valin og taka íslenskir aðilar þátt í nokkrum þeirra sem samstarfsaðilar. Sérsjóði um svæðasamstarf þvert á landamæri barst fjöldi umsókna. Loks má nefna að sjóðir fyrir tvíhliða samstarf við gjafaríkin, þ.m.t. Ísland, fá aukið vægi á þessu tímabili sjóðsins.

Sendiherra í Evrópuþinginu.

Sendiherra var gestur í Evrópuþinginu þann 9. júlí sl. og hélt framsögu um jafnréttismál á Íslandi og svaraði spurningum frá nefndarmönnum í FEMM, jafnréttisnefnd þingsins. Nefndarmönnum í SINEEA sem sér um Ísland og EES-mál var einnig boðið.

Ísland bætir enn frammistöðu sína við innleiðingar EES-gerða.

Tvisvar á ári gefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) út frammistöðumat þar sem tekið er saman yfirlit yfir árangur EES EFTA ríkjanna þriggja við innleiðingu EES-gerða. Samkvæmt nýbirtu frammistöðumati ESA bætir Ísland sig umtalsvert í innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins (ESB). Í matinu nemur innleiðingarhalli Íslands á tilskipunum 1% og voru óinnleiddar tilskipanir Íslands átta talsins, en miðað var við stöðu innleiðingar 31. maí 2018.

Árangur Íslands við innleiðingu á tilskipunum hefur batnað mikið á síðustu misserum. Hefur

Ísland ekki staðið betur að vígi í átta ár. Í matinu voru íslensk stjórnvöld hvött til að halda áfram á sömu braut, en í síðasta mati á undan var innleiðingarhalli Íslands 1,8% og þar áður 2,2%.

Ísland bætti árangur sinn við innleiðingu á reglugerðum. Innleiðingarhalli á sviði reglugerða nam 0,8% miðað við stöðuna 31. maí 2018 og hafði lækkað úr 1,2%.

Samstarfsáætlanir EES EFTA ríkjanna fyrir árin 2021-2027.

Undirbúningur fyrir þátttöku EES EFTA ríkjanna í samstarfsáætlunum ESB fyrir tímabilið 2021-2027 er hafinn. Framkvæmdastjórn ESB birti tillögur sínar að reglugerðum fyrir áætlanir eins og Horizon Europe, Erasmus, Creative Europe, Digital Europe eða Single Market í sumar og hafa EES EFTA ríkin verið virk í hagsmunagæslu vegna aðildar landanna að þeim.

EES samningurinn liggur til grundvallar þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum ESB og útlistar skilyrði og réttindi sem felast í þátttökunni. Í 81. grein samningsins kemur fram að „EFTA ríkin skulu hafa aðgang að öllum þáttum áætlunarinnar.“

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB hefur verið umfangsmikil frá árinu 1995 og hefur stuðlað að miklu alþjóðlegu samstarfi. EES EFTA ríkin hafa lýst ánægju sinni á því að áætlanir eins og Horizon Europe og Erasmus tiltaka sérstaklega að þátttaka EES EFTA ríkjanna grundvallist á EES samningnum. Þrátt fyrir þetta má sjá merki þess í nýjum tillögum að réttur landanna til þátttöku sé ekki ætíð nægilega skýr. Því hafa EES EFTA ríkin unnið markvisst að því að vekja athygli á réttindum sínum og skyldum í samræmi við EES samninginn. Er þetta sérstaklega eftirtektarvert í tillögu að reglugerð um rannsóknar- og nýsköpunaráætlun ESB, Horizon Europe, en þar kemur fram að takmarka megi þátttöku svokallaðra þriðju landa að ákveðnum hlutum áætlunarinnar.

Sameiginlegt EES EFTA álit hefur verið unnið um aðild ríkjanna almennt að samstarfsáætlunum ESB en einnig hafa verið unnin álit sem taka sérstaklega til Horizon Europe, Erasmus, European Solidarity Corps og Digital Europe áætlana. Þá hefur Ísland komið hagsmunum sínum á framfæri með margvíslegum hætti til þingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar og mun halda því áfram þar til endanleg niðurstaða um áætlanirnar hefur náðst hjá ESB.

Schengen-samstarfið.

Austurríki tók við formennsku í Evrópuráðinu 1. júlí sl. og gegnir henni til 1. janúar 2019 þegar Rúmenía tekur við. Dómsmálaráðherra sótti fyrsta óformlega fund dóms- og innanríkisráðherra Schengen ríkjanna sem haldinn var í Innsbruck, Austurríki, 12. júlí 2018. Á fundinum fór formennskan yfir áherslumál sín og ítrekaði mikilvægi þess að styrkja ytri landamæri Schengen-svæðisins og auka öryggi innan Evrópu með tilliti til heildarstefnu ríkjanna í útlendingamálum. Þá hefur formennskan jafnframt lagt mikla áherslu á aukin samskipti aðildarríkja við þriðju ríki vegna brottvísunar einstaklinga sem fá synjun um vernd í Evrópu og mikilvægi lögreglusamvinnu í Evrópu, m.a. við baráttuna gegn mansali og smygli á einstaklingum.

Sem liður í framangreindu hefur framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins lagt fram tvær umfangsmiklar tillögur sem varða framangreind markmið, annars vegar tillögu að breytingu á reglugerð um landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Frontex) sem hefur þann tilgang að stækka og efla stofnunina og hins vegar tillögu að breytingu á tilskipun ESB um brottvísun

einstaklinga í ólöglegri dvöl. Ísland er skuldbundið af framangreindum gerðum og hagsmunagæsla á þessu sviði því Íslandi mjög mikilvæg.

Þá hafa ný kerfi verið til umræðu á vettvangi Schengen-samstarfsins, s.s. kerfi um skráningu komu- og brottfara á Schengen-svæðið (e. Entry/Exit System) og kerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið (*European Travel Information and Autorisation System (ETIAS kerfi)*). Efnislegt samkomulag um ETIAS reglugerðina náðist fyrri hluta árs 2018 og tók gildi í október 2018. Ráðgjafanefnd um tæknihlíð ETIAS og Entry/Exit kerfisins mun taka til starfa á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar. Ísland mun eiga fulltrúa í ráðgjafanefndinni og verður sá fulltrúi frá embætti ríkislögreglustjóra. Fyrirhugað er að ETIAS kerfið verði gangsett árið 2022.

Hinn 8. nóvember 2018 undirritaði Íslands, ásamt hinum EFTA ríkjunum, Noregi, Sviss og Liechtenstein viðbótarsamning um þátttöku ríkjanna í Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á sviði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-LISA). eu- Lisa tók til starfa í desember 2011 og hefur m.a. það hlutverk að styðja aðildarríkin á þessu sviði og annast miðlægan rekstur stórra upplýsingakerfa svo sem Schengen-upplýsingakerfis (SIS), upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir (VIS) og Evrópska fingrafaragagnagrunninn (Eurodac). Í Eurodac eru skráð fingraför þeirra sem óska eftir alþjóðlegri vernd ásamt fingraförum þeirra sem fara ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins og/eða dvelja ólöglega í aðildarríki.

Ísland undanþegið verndartollum ESB.

EFTA-ríkin innan EES, þar með talið Ísland, eru undanþegin tímabundnum verndartollum ESB á stálvörum sem tilkynnt var um í júlí. Undanþágan, sem veitt er á grundvelli EES-samningsins, skapar fordæmi fyrir mögulega verndartolla á innflutning á áli til ESB sem nú eru til skoðunar.

ESB lagði 25% verndartoll á tuttugu og þrjár stálvörur frá 19. júlí sl. Um er að ræða tímabundar aðgerðir sem eru m.a. svar við ákvörðun bandarískra stjórnvalda fyrr á árinu um að leggja tolla á ál og stál.

Fréttir af fundum í Brussel

Fundur EES-ráðsins 20. nóvember.

Brexit verður í brennidepli í pólitískum umræðum sem utanríkisráðherra mun taka þátt í tengslum við fund EES-ráðsins þann 20. nóvember nk. Í umræðum ráðherranna verður einnig rætt um fjölþjóðasamstarf (e. multilateralism). Að vanda verður tekið fyrir á fundinum efni tengt EES-samstarfinu og verður að þessu sinni rætt um "félagsmálastoð Evrópu" sem kynnt var til sögunnar á leiðtogafundi í Gautaborg í nóvember 2017. Félagsmálastoðin er hvorki bindandi né beintengd EES-samstarfinu. Hins vegar leiðir hún af sér tillögur að löggjöf á málefnasviðum EES-samningsins; þ.á.m. tengdum innri markaðinum og jafnréttismálum.

Fundir í sameiginlegu EES-nefndinni 6. júlí, 21. september og 26. október 2018.

Noregur tók við formennsku 1. júlí sl. og hefur sameiginlega EES-nefndin fundað þrisvar sinnum síðan. Þann 6. júlí sl. samþykkti nefndin að fella inn í samninginn 50 ákvarðanir um upptöku 6 ESB-gerða, meðal annars almennu persónuverndarreglugerðina (GDPR). Hinn 21.

september sl. voru 34 ákvarðanir samþykktar sem fela í sér að 44 gerðir eru teknar inn í EES-samninginn. Hinn 26. október var nýr sendiherra Íslands gagnvart ESB boðinn velkominn á sinn fyrsta fund sameiginlegu EES-nefndarinnar en á þeim fundi voru samþykktar 13 ákvarðanir um upptöku 21 ESB-gerða í EES-samninginn. Sjá nánar um þessa fundi [hér](#), [hér](#) og [hér](#).

Annað

Ítalía og ESB: fjárlagadeila.

Hinn 23. október sl. tók framkvæmdastjórnin það fordæmalausa skref að hafna drögum ítalskra stjórnvalda að fjárlögum og krefja þau um endurskoðuð fjárlög fyrir næsta ár, þar sem drögin brytu í bága við samkomulag aðildarríkja sambandsins um aðgerðir til að efla stöðugleika og hagvöxt.

Fyrirséður fjárlagahalli Ítala verður 2.4% á árinu 2019 og þar með þrefalt hærri en Ítalir höfðu gefið til kynna í júní sl. Þetta er vissulega innan þeirra marka sem reglur sambandsins kveða á um. Það sem gerir útslagið er þó ekki fjárlagahallinn sem slíkur, heldur áhrif hans á skuldstöðu ítalska ríkisins. Skuldir Ítala eru þegar þær næst hæstu í ESB, á eftir Grikklandi, og með þeim hæstu í heiminum, um 132% af vergri þjóðarframleiðslu, en það samsvarar 2.3 milljörðum evra, um 37 þúsund evrum, 5 milljónum íslenskra króna, á mannsbarn á Ítalíu. Þykir ljóst að með auknum fjárlagahalla muni Ítalir kynda undir frekari skuldasöfnun, þótt áætlanir stjórnvalda geri raunar ráð fyrir því að hlutfallið verði lækkað í 126,7% árið 2021.

Á þessari stundu bendir fátt til þess að Ítalir hyggist verða við tilmælum framkvæmdastjórnarinnar, en ítalska stjórnin hefur nú frest til 14. nóvember nk. til að bregðast við. Haldi hún sínu striki, hefur framkvæmdastjórnin heimild til að grípa til sérstakrar málsmeðferðar sem kennd er við óhóflegan fjárlagahalla (e. excessive deficit procedure, skammstafað EDP) og gæti leitt til refsiaðgerða í formi sekta að fjárhæð allt að 3 - 4 milljarðar evra, um 0.2% af vergri þjóðarframleiðslu. Ólíklegt er þó að gripið verði til slíkra aðgerða.

Forseti næstu framkvæmdastjórnar?

Samtök mið- og hægri flokka (EPP) í Evrópuþinginu völdu á flokksfundi sínum í Helsinki 7-8 nóvember sl., hinn þýska Manfred Weber til að verða frambjóðandi (spitzenkandidat) þeirra í stöðu forseta framkvæmdastjórnar í maí á næsta ári.

Þá er einnig ljóst að Hollendingurinn Frans Timmermanns verður frambjóðandi sósíalistaflokka (S&D) í Evrópuþinginu, en Slóvakinn Maros Sefcovic dró framboð sitt til baka og lýsti yfir stuðningi við Timmermanns.

Samkvæmt nýlegum kosningaspám er gert ráð fyrir að EPP hljóti flest sæti í kosningunum til Evrópuþingsins 26. maí nk. (allt að 180 af 705), en S&D minna (allt að 136 af 705). Aðrar kosningablokkir bæru minna úr bitum og vekur athygli að flokkur franska forsetans (LREM) myndi einungis hreppa 21 sæti.

Gagnáætlun ESB um belti og braut.

Þann 15. október sl. samþykkti ESB leiðbeiningarreglur sem kallaðar eru „Frumkvæði að belti og braut með evrópsku sniði“ (e. Belt and Road initiative with European characteristics). Þar

kemur m.a. fram að mannvirkjaáform sem spanni svæði Evrópusambandsins og Asíu þurfi að vera efnahagslega, fjárhagslega, vistfræðilega og félagslega sjálfbær, þau þurfi að vera aðgengileg og opin fyrir þátttöku hlutaðeigandi aðila, auk þess að uppfylla strangar kröfur um gagnsæi og góða stjórnunarhætti. Tryggja þurfi jafnan aðgang, þ.á m. að almennu útboði verkefna, fyrir fyrirtæki í atvinnulífinu og stuðla að vernd hugverkaréttinda. Hyggst ESB reyna að laða Asíuríkin til samstarfs um mannvirkjaverkefni í háum gæðaflokki, í samgöngum, fjarskiptum og hönnun upplýsingakerfa. Á þessari stundu liggur þó lítið fyrir um með hvaða hætti sambandið hyggst fjármagna slíkt samstarf í framtíðinni.

Stefnuræða Junckers.

Þann 12. september sl. hélt forseti framkvæmdastjórnar ESB, Jean-Claude Juncker, stefnu- og yfirlitsræðu sína í Strasbourg. Ræðan var flutt við erfiðar aðstæður fyrir framkvæmdastjórnina; í skugga Brexit, átaka um viðskipti við Bandaríkin, væringa meðal aðildarríkja um stöðu réttarríkisins og í aðdraganda kosninganna í vor til Evrópuþingsins.

Með íslenska hagsmuni í huga, horfir ýmislegt til framfara í málflutningi forsetans, þótt hvergi sé vikið að EES-samningnum berum orðum. Þar má í dæmaskyni nefna að Juncker talar um að í skjóli innri markaðarins - stærsta markaðssvæðis í heiminum - hyggst ESB áfram vísa veginn í tæknilegri, ekki síst stafrænni, nýsköpun, á sviði upplýsingakerfa, gervigreindar og sjálfvirkni, en með því má búast við að brautin verði einnig rudd fyrir bættum samkeppnisskilyrðum íslenskra fyrirtækja í framtíðinni. Fram kemur að gerð verslunarsamninga við önnur ríki sé liður í að styrkja stöðu sambandsins á heimsvísu. Kappkostað verður að fullgilda fríverslunarsamninginn (EPA) við Japan fyrir kosningarnar til Evrópuþingsins í maí, en gera má ráð fyrir að þá verði fyrst lag fyrir Ísland að fylgja eftir áherslu utanríkisráðherra á gerð tvíhliða fríverslunarsamnings við Japan. Þá undirstrikar Juncker mikilvægi Erasmus-, rannsókn- og nýsköpunaráætlana í tengslum við fjárlög sambandsins eftir 2020, en margir íslenskir aðilar hafa notið góðs af þátttöku í þessum áætlunum á undanförunum árum. Loks er ástæða til að fagna því að sambandið hyggst gagngert herða eftirlit á ytri landamærum Evrópu, sem vafalítið mun koma öllum aðilum Schengen-samstarfsins, þ.á.m. Íslandi, til góða.

Meginstef ræðunnar að þessu sinni var á hinn bóginn helgað „stund hins evrópska fullveldis“ sem forseti framkvæmdastjórnar telur að runnin sé upp. Líklegt er að yfirvofandi Brexit og vaxandi togstreita framkvæmdastjórnar og einstakra aðildarríkja á undanförunum mánuðum hafi orðið honum tilefni til að minna á að án aukinnar samstöðu og samábyrgðar aðildarríkjanna verði á brattann að sækja fyrir Evrópusambandið í viðureigninni við mörg helstu viðfangsefni þess um þessar mundir; á sviði gjaldmiðils og viðskipta, flóttamanna- og öryggismála. Í hvatningunni felst að sambandið þurfi að taka höndum saman og brúa bilið milli á milli norðurs og suðurs, austur og vesturs en einnig á milli hægri og vinstri. Líta beri á fullveldi Evrópu sem afleiðu fullveldis aðildarríkjanna og leysi hið fyrra hið síðara ekki af hólmi. Með því að deila fullveldinu þegar á þurfi að halda, verði aðildarríkin öflugri hvert í sínu lagi.

Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Uppbyggingarsjóður EES: <https://eeagrants.org/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Búlgaría í forsæti ráðs ESB: <https://eu2018bg.bg/en/programme>

Fréttir frá stofnunum ESB: https://europa.eu/newsroom/home_en

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>